



Eftirlit með hárlitum

*–Eftirlit með merkingum og
innihaldsefnum hárlita vorið 2014*



1. Formáli

Á undanförunum árum hefur Evrópusambandið látið rannsaka og áhættumeta efni í hárlitum (föstum litum, skoli og strípuefnum) og hefur komið í ljós að mörg þeirra geta verið ofnæmisvaldandi. Ofnæmisviðbrögð koma oftast í ljós á fyrstu dögum eftir litun. Þekkt viðbrögð eru roði, útbrot, upphleypt húð og sár í hársverði, andliti og/eða hálsi og bólgur í andliti.

Vegna þessarar hættu hafa skilyrði verið sett fram um notkun margra litunarefna og er skylda að hafa á umbúðum hárlita, sem innihalda efnin, ákveðið varúðarmerki og texta á íslensku með notkunarskilyrðum og varnarorðum vegna hættu á ofnæmi. Helstu efnin eru p-phenylene diamine (PPD), toluene-2,5-diamine, resorcinol, 4-amino-2-hydroxytoluene og p-aminophenol. Resorcinol er auk þess á lista Evrópusambandsins yfir efni sem sýnt hafa hormónaraskandi áhrif.

Vegna framangreindrar hættu, mikilvægi þess að merkingar hárlita uppfylli ákveðnar kröfur og þess að fræða innflytjendur og söluaðila um hættuna ákvað Umhverfisstofnun að hefja eftirlit sitt með snyrtivörum í þessum flokki. Með þessu verkefni sinnir stofnunin einu af hlutverki sínu skv. efnalögum, nr. 61/2013, sem er að hafa eftirlit með markaðssetningu efna og efnablanda sem falla undir lögin.

2. Tilgangur og markmið

- Að skoða umbúðir og fylgiseðla hárlita og innihaldsefni þeirra til að athuga hvort hárlitir á markaði uppfylli kröfur um merkingar skv. reglugerð nr. 577/2013 sem innleiddi reglugerð (EB) nr. 1223/2009 hér á landi.
- Að fræða innflytjendur hárlita og fulltrúa verslana með hárliti um reglugerðir sem gilda um snyrtivörur með áherslu á kröfur um merkingar, þar á meðal notkunarskilyrði og varnarorð, ásamt varúðarmerki, vegna ákveðinna litarefna, hvaða efni geta verið ofnæmisvaldandi og skilyrði gilda um þau.
- Að auka neytendavernd með því að stuðla að réttum merkingum hárlita og því öruggari hárlitum á markaði.

3. Framkvæmd

Útbúið var fræðsluefni sem afhent var í eftirlitinu, annars vegar gátlisti yfir skilyrði sem hárlitir á markaði skulu uppfylla og hins vegar blöðungur um almennar kröfur er varða markaðssetningu snyrtivara.

Útbúinn var listi yfir innflutningsfyrirtæki hárlita út frá upplýsingum frá Tollstjóra fyrir árið 2013 og farið í eftirlit til þeirra. Miðað var við að hafa á listanum þau fyrirtæki sem fluttu inn meira en 20 kg af hárlitum þetta ár. Einnig var útbúinn listi yfir verslanir sem taldar eru hafa mesta hlutdeild á markaði í sölu hárlita. Byrjað var á því að fara í eftirlit í verslanir og kom þá í ljós að úrbóta var þörf á merkingum hárlita frá tveimur öðrum innflutningsfyrirtækum og var þeim bætt við á listann. Í töflunni hér á eftir eru innflutningsfyrirtækin og verslanirnar taldar upp. Eftirlitsferðirnar fóru fram á tímabilinu 19. mars - 27. maí 2014.

Innflutningsfyrirtæki	Verslanir
Blóm í eggji ehf.	Bónus, Holtagörðum
Haldór Jónsson ehf.	Hagkaup, Holtagörðum
Hár ehf.	Heilsuhúsið, Lágmúla
Ison ehf.	Krónan, Lindum
Kaupsel hf.	Lyf og heilsa, Austurveri
Kostur ehf.	Lyfja, Lágmúla
Megastore ehf.	Nettó, Þönglabakka
Regalo ehf.	
S. Gunnbjörnsson ehf.	
Snyrta ehf.	
Vaxa ehf.	
Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf.	

Í eftirliti var afhent bréf, auk kvittunar fyrir eftirlitinu og fræðsluefnis. Í bréfinu var skýrt frá eftirlitsverkefninu, umfangi þess og hlutverki Umhverfisstofnunar skv. efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 577/2013 um snyrtivörur. Auk þess var upplýst að samantektarskýrsla um eftirlitsverkefnið yrði birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Hjá hverju fyrirtæki voru stikkprufur af hárlitum skoðaðar. Við val á stikkprufum var miðað við að velja þrjá liti innan hversrar vörutegundar, þ.e. einn ljósan, einn rauðan og einn dökkan, með handahófskenndri aðferð.

Eftirtaldar merkingar á umbúðum eða á fylgiseðli stikkprufanna voru skoðaðar og í eftirlitstöflu skráð hvort merkingar uppfylltu reglugerð nr. 577/2013 og reglugerð (EB) nr. 1223/2009 eða ekki.

- Upprunaland (ef hárlitur er fluttur inn á EES svæðið).
- Nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila.
- Íslenskur birgir tilgreindur (ekki skyldubundin merking).
- Geymsluþol.
- Magn við þökkun.
- Númer framleiðslulotu.
- Hlutverk vöru (á að koma fram ef ekki er augljóst á umbúðum).

Frávik eða athugasemdir voru skráðar í töfluna og hvaða úrbætur væru nauðsynlegar. Auk þess voru teknar ljósmyndir af umbúðum stikkprufanna, öllum merkingum og fylgiseðli.

Eftir eftirlitsferðina var farið betur yfir allar merkingar og fylgiseðla, skráð í eftirlitstöfluna hvort einhver efni í III. viðauka með reglugerð (EB) nr. 1223/2009 séu í hárlitunum (stikkprufunum) og hvaða kröfur gilda um merkingar vegna þeirra. Yfirleitt er um eftirfarandi skyldubundnar merkingar að ræða:

- Notkunarskilyrði á íslensku s.s. notið viðeigandi hlífðarhanska og notist ekki til að lita augnhár eða augabrúnir.
- Varnarorð á íslensku um að ákveðin innihaldsefni geti verið ofnæmisvaldandi ásamt varúðarmerki.

Innflutningsfyrirtækjunum voru sendar eftirlitsskýrslur ásamt bréfi dagana 5.-6. júní að undanskildum þeim sem bætt var við en þeim var send eftirlitsskýrsla og bréf dagana 26. og 27. júní. Þegar við átti kom m.a. fram í bréfinu að hárlitir sem viðkomandi fyrirtæki flytur inn hafi einnig verið skoðaðir í verslunum. Frávik voru ekki talin það alvarleg að senda þyrfti afrit af skýrslunum í verslanir eða að fjarlægja þyrfti vörur úr þeim.

Í framangreindu bréfi var m.a. bent á hvaða reglugerðir gilda um snyrtivörur, hvaða hárlitir skv. stikkprufum uppfylltu ekki kröfur um merkingar og að veittur væri frestur til úrbóta til ákveðinnar dagsetningar (yfirleitt tveimur vikum eftir dagsetningu bréfs). Einnig kom þar fram að Umhverfisstofnun sé heimilt að beita tilteknum þvingunarúræðum til að knýja á um úrbætur skv. efnalögunum og bent á að viðkomandi fyrirtæki hefði frest til ákveðinnar dagsetningar til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri sbr. 13. gr. stjórnálaganna nr. 37/1993. Auk þess var bent á að fyrirtækjum væri velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar til að fá nánari upplýsingar um skyldubundnar merkingar og leiðir til úrbóta vegna frávíka.

4. Helstu niðurstöður

Algengustu frávikin varðandi merkingar voru eftirfarandi og voru gerðar kröfur um úrbætur til innflutningsfyrirtækjanna:

- Viðvörunarmerkingar á íslensku vantaði sbr. 3 gr. reglugerðar nr. 577/2013. Um eru að ræða setningar um notkunarskilyrði og varnarorð, ásamt varúðarmerki, skv. i dálki III. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1223/2009. Algengast var að þessar merkingar vantaði á hárliti sem seldir eru fagaðilum og þeim sem fluttir eru inn frá landi utan EES svæðisins.
- Skortur á upplýsingum um ábyrgðaraðila vöru og um upprunaland vöru ef varan var flutt inn frá landi utan EES svæðisins sbr. 4. og 19 gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009.

Við eftirlitið kom í ljós að hjá hluta innflutningsfyrirtækja og verslana virtist vera lítil vitneskja um að framangreindar viðvörunarmerkingar eigi að vera á íslensku. Hluti fyrirtækjanna var hins vegar mjög meðvitaður um þessar skyldubundnu merkingar en var bent á að nota ætti íslenska þýðingu á umræddum setningum skv. III. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1223/2009. Í fyrirtækjum sem flytja inn hárliti frá löndum utan EES svæðisins virtist auk þess vera takmörkuð vitneskja um aðrar skyldubundnar merkingar og að tilkynna eigi um snyrtivörur í CPNP vefgátt ESB.

Átta innflutningsfyrirtæki af 12 sóttu um framlengdan frest til að sýna fram á úrbætur og var hann í öllum tilfellum veittur. Viðbrögð fyrirtækja við niðurstöðu eftirlits voru í langflestum tilfellum jákvæð og samskipti og samvinna við Umhverfisstofnun í nær öllum tilfellum góð. Öll fyrirtækin leituðu til sérfræðings stofnunarinnar til að fá nánari upplýsingar um kröfur sem gilda um hárliti og leiðir til úrbóta.

Þegar fyrirtækin höfðu sýnt fram á úrbætur var þeim sent bréf um málslok og að niðurstaða Umhverfisstofnunar væri sú að viðkomandi fyrirtæki hefði uppfyllt þær kröfur sem gerðar voru og að stofnunin geri ekki frekari athugasemdir. Þegar við átti kom fram í bréfinu að ábyrgðaraðili eigi að tilkynna um markaðssetningu snyrtivöru í CPNP vefgátt ESB (á við um fyrirtæki sem markaðssetja vöru í fyrsta skipti innan EES svæðisins). Málslok hjá fyrirtækjunum voru á tímabilinu 15. maí til 18. júlí.

6. ágúst 2014

Jóhanna Björk Weisshappel, verkefnisstjóri